

Ráðleggingar til að forðast fjölgun hættulegra baktería í ungbarnablöndum (þurrmjólk)

Ungbörn og smábörn eru sérstaklega viðkvæm fyrir matarsýkingum. Séu ungbörn ekki höfð á brjósti er mjög mikilvægt að meðhöndla og blanda ungbarnablöndur (infant formula) af mikilli varkárni. **Gildir þetta líka um þurrmjólkurduft sem ætlað er börnum með ofnæmi eða óþol.**

Rannsóknir hafa sýnt að mjólkurduft er stundum mengað með bakteríunum *E. Sakazakii* og *Salmonella* sem geta valdið sýkingum og alvarlegum veikindum. Áðurnefndar bakteríur drepast við gerilsneyðingu en geta borist í duftið t.d. við áfyllingu eða við meðhöndlun. Hafa skal í huga að heilbrigð ungbörn og smábörn geta þolað þessar bakteríur í blandaðri þurrmjólk í litlu magni en ungbörn yngri en 4-6 vikna og þá sérstaklega fyrirburar, léttburar og ónæmisbæld ungbörn er hópur sem er í sérstakri áhættu gagnvart sýkingum. Sýking af völdum *E. Sakazakii* getur valdið heilahimnubólgu, blóðeitrun eða iðrakveisu.

Til að koma í veg fyrir mengun og/eða fjölgun baktería þegar verið er að blanda mjólkurdufti saman við soðið vatn skiptir hreinlæti lykilmáli. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) hefur gefið út leiðbeiningar um meðhöndlun á ofangreindum blöndum fyrir starfsfólk á sjúkrahúsum og foreldra, og eru þær á þessa leið.

Leiðbeiningar um blöndun, meðhöndlun, geymslu og notkun í heimahúsum:

- Gott hreinlæti er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir mengun og tekur það til handþvottar, hreinlætis í eldhúsinu og þess að öll áhöld séu hrein fyrir notkun.
- Útbúa skal mjólkurblönduna stuttu fyrir hverja gjöf og ekki skal blanda fyrir meira en eina gjöf í einu.
- Nota skal hreina pela þegar verið er að útbúa mjólkurblönduna. Best er að sjóða pelana alltaf eða sótthreinsa í þar til gerðum tækjum. Nægir að þvo pelana vel eftir að ungbarnið er byrjað að fá fasta fæðu, sem má í allra fyrsta lagi vera við 4 mánaða aldurinn.
- Ávallt skal notað soðið vatn fyrir hverja blöndu (>70°C) eða vatn sem búið er að sjóða og kæla, en þá er mikilvægt að það hafi ekki mengast.
- Eftir að mjólkurdufti hefur verið blandað við **soðið** vatn á að kæla mjólkurblönduna hratt í það hitastig sem hentar fyrir gjöf og skal mjólkurblandan notuð þegar í stað.
- Ekki er æskilegt að nota örbylgjuofna til að hita mjólkurblönduna þar sem hún getur verið volg yst en sjóðheit innst.
- Eftir hverja gjöf skal hella niður afgangsmjólk.

Leiðbeiningar um blöndun, meðhöndlun, geymslu og notkun á sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum:

Sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir eru hvattar til að gera ítarlegri verklagsreglur um blöndun, meðhöndlun, geymslu og notkun fyrir ungbarnablöndur (infant formula).

- Heilbrigðisstarfsfólk skal fá leiðsögn um hvernig skuli meðhöndla þurrmjólk þar sem blöndun fer fram og einnig á vökudeildum.
- Tilbúnar blöndur (þ.e. sem ekki krefjast blöndunar á staðnum) eru dauðhreinsaðar og því öruggari til notkunar fyrir börn í áhættuhópi.
- Gott hreinlæti er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir mengun þegar blanda skal mjólkurdufti saman við soðið vatn.
- Öll áhöld tengd blöndun og pelar skulu vera dauðhreinsaðir og helst skal blöndun fara fram í dauðhreinsuðu rými (air sterile cabinet) til að forðast mengun frá umhverfinu.
- Blandið ávallt mjólkurdufti við heitt vatn (>70°C) til að forðast mengun.
- Ef notuð er ungbarnablanda (þurrmjólk) sem er blönduð á staðnum í sondunæringu þá skal næringargjöfin taka sem stystan tíma eða í mesta lagi í 4 klst.
- Eftir að mjólkurduft hefur verið blandað við soðið vatn þá má geyma mjólkurblönduna ef hún hefur sannanlega verið kæld hratt undir 4-5 °C. Hana má þó ekki geyma lengi og þá þarf að hita hana í heppilegt hitastig rétt fyrir gjöf.
- Fáíð ráðleggingar frá dreifingaraðila eða framleiðanda um hversu lengi má geyma mjólkurblönduna í kæli.
- Halda skal tímaskráningu yfir hvenær þurrmjólk hefur verið blönduð og hitastigsskráningu meðan á geymslu stendur.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (European Food Safety Authority, EFSA):

http://www.efsa.eu.int/science/biohaz/biohaz_opinions/691_en.html

Reglur um merkingar ungbarnablanda

Sérstök merkingarákvæði gilda um ungbarnablöndur skv. reglugerð nr. 735/1997 um ungbarnablöndur og stoðblöndur. Þar segir að ákveðnar upplýsingar skulu ávallt merktar á íslensku. Þessi ákvæði gilda einnig um ungbarnablöndur s.s. sojamjólk sem ætlaðar eru ungbörnum með ofnæmi og óþol. Hér að neðan eru gefin dæmi um hvaða upplýsingar er um að ræða :

- Merking "áriðandi" eða sambærilegt hugtak þar sem í framhaldi skal gerð grein fyrir ágæti brjóstagjafar. Einnig skal taka fram að leita beri ráðgjafar hjá fagfólki sem annast mæðra- og ungbarnavernd.
- Yfirlýsing þess efnis að varan sé ætluð sem sérfæði fyrir ungbörn sem ekki eru höfð á brjósti.
- Nákvæmar leiðbeiningar um blöndun ásamt aðvörun um hættu samfara rangri blöndun.

Heimildir:

- Opinion of the Scientific Panel on Biological Hazards on a request from the Commission related to the microbiological risks in baby formulae and follow-on formulae. The EFSA Journal (2004) 113, 1-34.
- Tilkynning frá Sundhedsstyrelsen í Danmörku:
http://www.sst.dk/publ/Vejledninger/03/enterobacter_sakizakii.pdf
- As adapted from *Infant Feedings: Guidelines for Preparation of Formula and Breast Milk in Health Care Facilities*. Pediatric Nutrition Practice Group of the American Dietetic Association, 2003:
http://www.eatright.org/Public/NutritionInformation/92_17242.cfm
- <http://www.elintarvikevirasto.fi/english/> (PRESS RELEASES: 12.04.2005 – NATIONAL FOOD AGENCY ISSUES INSTRUCTIONS FOR PREPARATION AND HANDLING OF INFANT FORMULA AND SPECIAL FORMULA)